



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. apríl 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um félög til almannaheilla. Þingskjal 1245, 785. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um félög til almannaheilla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi sem miðar að því að koma á heildstæðri löggjöf um félög sem starfa í þágu almannaheilla. Slíka löggjöf hefur með öllu skort og margt hefur verið óljóst og misjafnt í framkvæmd hvað varðar rekstur og reglur um slík félög. Slíkt lagatóm getur gert félögum erfitt fyrir í rekstri ef deilt er um aðferðir, ábyrgð og framkvæmd. Samtökin telja það því verða mjög til leiðsagnar fyrir almannaheillafélög að hafa samræmdar leiðbeiningar eins og í lögnum felast. Barnaheill vilja þó benda á að mikilvægt er að þau séu ekki íþyngjandi minni félögum eða takmarki með einhverju móti stjórnarskrárvárið félagafrelsi.

Þátttaka barna í stjórnnum félaga ætti að mati samtakanna að vera tryggð með lögnum. Félögum hefur hingað til verið synjað um skráningu barna í stjórnnum í fyrirtækjaskrá, á þeim grundvelli að þau séu ekki fjárráða. Barnaheill hvetja því til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem kvæði á um rétt barna til setu í stjórn, án fjárhagsábyrgðar. Samkvæmt Barnasáttmálanum og stjórnarskrá eiga börn rétt til þátttöku í félögum, sbr. 12., 13. og 15. grein og að láta skoðun sína í ljós í öllum málum sem þau varða. Að mati Barnaheilla ætti ekki að útiloka börn frá stjórnarsetu á þeim grunni að þau séu ekki fjárráða, heldur að veita þeim möguleika á að bjóða sig fram til stjórnarstarfa án fjárhagsskuldbindinga, ef tryggt er að aðrir séu fjárhagslega ábyrgir fyrir félag.

Barnaheill hvetja jafnframt til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem áréttar þá skyldu að allar ákvarðanir skuli teknar í samræmi við það sem börnum er fyrir bestu, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans, og að félög skuli í störfum sínum taka tillit til hagsmuna barna.

Að öðru leyti hvetja Barnaheill til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög að teknu tilliti til athugasemda.

Barnaheill byggja starf sitt á Barnasáttmálanum og vinna að bættum mannréttindum barna á heildstæðan hátt.